

Prófpáttalýsing Sveinspróf í rafveituvirkjun Júní 2021



Sveinsprófsnefnd rafiðna,
sterkstraumi



RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

1. AFLFRÆÐI, VINNUBRÖÐ, EFNI OG BÚNAÐUR.

Skilgreiningar á hugtökum og mælieiningum, kraftar og kraftvektorar, átak við að lyfta, toga og strengja, öryggi og framkvæmd verka, mismunandi mælitæki og notkun þeirra, gerð og lagning strengja, eiginleikar strengja, spennar og tenging þeirra, mælaspenningar, aflrofar, skilrofar, jarðrofar, GIS búnaður, AIS búnaður, eldingavarar, SF6 búnaður, þéttavirki, hleðslutæki, jafnstraumskerfi, rafgeymar, verkfæri og tól, jarðskaut, jafnlægt- og ójafnlægt álag, götuljósabúnaður, tæring efna, yfirstraumsvarnir, vargreinaskápar, 1 fasa- og 3ja fasa kerfi, skammhlaupsstraumar, verkáætlun, kraftar í stífum, stögum og staurum, gerð rafala, einangrarar með meiru.

Hjálpargögn:

Handbækur, kennslubækur og hverskonar upplýsingagögn.

Einkunnargjöf:

Í þessum hluta prófsins geta komið fyrir skrifleg verkefni og/eða krossaspurningar, sem eru mismunandi tímafrek. Við einkunnagjöf verður tekið tillit til þessa.

Úrlausnartími 210 mínútur.

2. ÖRYGGISMÁL, SAMSKIPTI, ÍST EN 61936-1:2010 og ÍST EN 50522:2010 OG REGLUGERÐ UM RAFORKUVIRKI nr. 678/2009 ÁSAMT ORÐSENDINGUM 1/84.

Öryggismál, samskipti manna og tengsl þess við öryggið, Rofastjórnun, spennuverðir, ÍST EN 61936-1:2010 og ÍST EN 50522:2010, Reglugerð um raforkuvirki ásamt orðsendingum, slys og raflost, hjálmar, brunasár, tenging öryggismála og framleiðni, skilgreiningar á rofabúnaði, skilgreiningar á hugtökum í reglugerð, öryggi og framkvæmd verka, jarðtengingar og jarðskaut, rekstrarskaut, efnisfræði hættulegra efna, verkáætlanir, vinnureglur og minnislistar, lagning jarðstrengja, inntök, lág- og háspennulínur, þéttavirki með meiru.

Hjálpargögn:

ÍST EN 61936-1:2010 og ÍST EN 50522:2010, Reglugerð og Orðsendingar, Tæknilegir skilmálar rafveitna, skriffæri og reiknivél.

Einkunnargjöf:

Í þessum hluta prófsins geta komið fyrir skrifleg verkefni og/eða krossaspurningar, sem eru mismunandi tímafrek. Við einkunnagjöf verður tekið tillit til þessa.

Til þess að standast, þarf 5.0 eða 50 % árangur.

Nýtið ykkur skynsemina og ábyrgðarkenndina við að svara prófinu.

Úrlausnartími 120 mínútur.

3. TEIKNINGAR, TEIKNITÁKN OG KORT.

Skilgreining á táknum samkvæmt þeim stöðlum sem Staðlaráð Íslands samþykkir og er aðili að, lestur korta (landakort og afstöðumyndir) og teikninga, annað. Próftaki skal einnig gera efnislista með magntölum af tilbúinni teikningu.

Hjálpargögn:

Skriffæri, teikniáhöld, handbækur, kennslubækur og hverskonar upplýsingagögn.

Einkunnargjöf:

Í þessum hluta prófsins geta komið fyrir skrifleg verkefni og/eða krossasurningar, sem eru mismunandi tímafrek. Við einkunnagjöf verður tekið tillit til þessa.

Til þess að standast, þarf 5.0 eða 50 % árangur.

Úrlausnartími 120 mínútur.

4. ALMENNT UM SVEINSPRÓF Í RAFVEITUVIRKJUN

Til þess að standast prófið þarf að ná 5 í hverjum prófhluta.

[Ath. Nýtt úr reglugerð um Sveinspróf nr. 698/2009 gr. 15](#)

Próftaka er heimilt að **þreyta Sveinspróf allt að þrisvar sinnum**. Hafi hann þá ekki staðist prófið skal hann sæta endurmati og greiningu hjá skóla sem leggur á ráðin um nauðsynleg úrræði. Með umsókn um að gangast undir Sveinspróf í fjórða sinn skal fylgja vottorð skóla um undirbúningsþjálfun próftaka fyrir Sveinspróf.

Í endurupptökuprófi tekur próftaki aðeins þau atriði upp sem hann stóðst ekki.

Próftökum er bent á að kynna sér námsskrá fyrir rafveituvirkja.

Ath. Ef þú ert með lesblindu (dyslexíu) getur þú sótt um lengri próftíma vinsamlegast hafðu þá samband við náms- og starfsráðgjafa RAFMENNTAR.

Kynningarfundur Sveinsprófsnefndar verður miðvikudaginn 26. maí kl. 16:30 hjá Rafmennt, Stórhöfða 27, Reykjavík. Fundinum verður líka streymt á rafmennt.is/streymi

Prófsýning verður hjá Rafmennt, Stórhöfða 27, Reykjavík

Föstudaginn 2. júlí 2021 kl: 13:00-15:00.

Prófsýning á Akureyri verður í Verkmenntaskólanum

Laugardaginn 3. júlí 2021 kl: 14:00-15:00.

Prófsýningin er höfð til að tilkynna próftökum einkunnagjöf úr prófunum.

Á meðan á prófi stendur er ætlast til að próftakar ræði ekki saman eða hafi truflandi áhrif á aðra próftaka á annan hátt. Að gefnu tilefni þá er notkun á hverskonar fjarskiptamiðlum, t.d. GSM-símum, að sjálfsögðu með öllu óheimil.

Revkingar eru bannaðar á lóð RAFMENNTAR.